

Ed.

182. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur óheppilegt, að þingið sje sífellt að eyða tíma og fje í að gera smábreytingar á álöguvaldi bæjarstjórna og sveitarstjórna, og álitur rjett, að öll ákvæði þar að lútandi verði samræmd og þeim fyrir komið í einum almennum lögum um það efni. Hefir nefndin þrásinnis bent á þetta og væntir, að stjórnin taki þær bendingar til greina við þann undirbúning til breytinga á sveitarstjórnarlöggjöfnni, sem hún væntanlega gerir fyrir næsta þing. Til laga-breytingar þeirrar, sem hjer er sjerstaklega um að ræða, virðist nefndinni að sjeu nokkuð meiri ástæður en stundum hafa verið til þess háttar breytinga, þar sem enn er heimtaður 4 mánaða dvalartími í bæjarstjórnarlögum Hafnarfjarðar sem skilyrði þess, að leggja megi útsvar á atvinnurekanda, í stað þess, að sá tími er nú 3 mán., þegar um búsetta menn er að ræða, og að eins 8 vikur, þegar um þá er að ræða, sem ekki hafa fast aðsetur í hlutaðeigandi bæjarfjelagi, í hinum yngri eða yngstu bæjarstjórnarlögum (t. d. bæjarstjórnarlögum Siglu-fjarðar, nr. 58, 28. nóv. 1919, 19. gr., og bæjarstjórnarlögum Seyðisfjarðarkaup-staðar, nr. 61, s. d. 1919, 17. gr.). Nefndin vill því ekki leggja á móti frv., en atkvæði hennar um það eru óbundin að svo stöddu.

Alþingi, 31. mars 1922.

Sigurjón Friðjónsson,
form. og ritari.

S. H. Kvaran,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson.